

Umsögn SÍF um tillögu um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni

Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) fagnar þeim róttæku aðgerðum sem koma fram í tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025 og snúa að framhaldsskólum landsins. Lengi hefur SÍF lagt áherslu á mikilvægi kynfræðslu fyrir ungmenni og að kynjafræði verði gert skyldufag á framhaldsskólastigi.

Í þeim samræðum sem hafa verið á milli framhaldsskólanema á viðburðum SÍF undanfarið er undantekningalaust rætt um mikilvægi kynfræðslu þar sem lítil fræðsla hefur átt stað í grunnskólum þeirra nemenda sem nú eru á framhaldsskólastigi og engin fræðsla af þessu tagi hefur átt sér stað í framhaldsskólunum. Framhaldsskólanemar eru áhyggjufullir yfir því að kynlíf sé tabú sem fræðendur forðast að ræða í kynfræðslu og verður fræðslan því einhliða um líkamsstarfsemina á kynproskaskeiði og afleiðingar kynsjúkdóma. Það getur því ekki þótt skrytið að ungmenni sækist á netið til þess að fá svör við þeim spurningum sem brenna á þeim í tengslum við kynlíf, og það gefur auga leið að klámsíður gefa sjaldan svör til góðs.

Framhaldsskólanemar sjálfir segja að kynferðislegt ofbeldi sé algengt meðal framhaldsskólanema og á sér stað innan veggja framhaldsskólanna. En einnig að opin umræða á jafningjagrundvelli líkt og fræðsla á vegum Fávita og Karlmennskunnar sé árangursrík til að ná til ungmenna á framhaldsskólastigi. SÍF vill því hvetja til þess að fræðsluefni verði sérstaklega unnið í samstarfi við framhaldsskólanemendur til að tryggja að fræðslan verði sem árangursríkust og leggi áherslu á það sem þeim finnst upp á vanta.

SÍF leggur til að gerð verði einhverskonar formleg stefna sem umberi ekki kynferðisofbeldi/áreitni í framhaldsskólum.

Kynbundið ofbeldi á framhaldsskólastigi á rætur sínar að rekja til undankominna kynslóða. Ein af grunnstoðum allrar menntunar á Íslandi er jafnrétti og því leggur SÍF til þess að kynjafræði verði skyldufag á framhaldsskólastigi öllu en ekki einungis á félagsvísindabraut. Leggja þarf áherslu á að kynjafræði sé barátta kynjanna beggja og að karlmennskan fái jafna umfjöllun og konur.

Horfa þarf sérstaklega til námsefnis á framhaldsskólastigi. Framhaldsskólanemar benda á úrelt námsefni þar sem fög svo sem saga, íslenska og heimsspeki leggja áherslu á karla og sögu þeirra og að einungis sé kennt um karla sem merkilega heimspekinga og oft jafnvel verið að kenna um sömu karlana í mörgum mismunandi fögum. Margar konur eiga skilið að vera nefndar í sögutímum. SÍF leggur til að farið verði yfir alla áfanga og kyngreint efnið sem er kennt.

Að lokum vill SÍF benda á mikilvægi góðra samskipta og skýrra marka á milli kennara og nemenda. Stelpur hafa bent á upplifun sína af áreitni frá kennurum og setur SÍF því spurningamerki við því hvort almennt sé skýr jafnréttisstefna í framhaldsskólunum? Og hvort þörf sé á samskiptasáttmála líkt og er t.d. á landspítalanum.

Reykjavík, 6. 4. 2020



f.h. Samband íslenskra framhaldsskólanema
Jóhanna Steina Matthíasdóttir, forseti